

Föstudaginn 29. apríl 1977.

Nr. 149/1975. **Hreppsnefnd Hveragerðishrepps**

f. h. hreppsins

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Ögmundi Jónssyni

(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Frávisun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Magnús Þ. Torfa-son, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Halldór Kristinsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnæssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. október 1975, en hann fékk leyfi dómismálaráðuneytis til áfrýjunar héraðsdóms hinn 22. september s. á. og til áfrýjunar fjárnámsgerðar hinn 15. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var ekki lagt til sátta fyrir sáttamenn, en það var ekki undanþegið sáttatilaun sáttamanna. Við þingfestingu málsins var ekki heldur skráð í þingbók yfirlýsing aðilja um, að útilokað væri, að sátt kæmist á fyrir sáttamönnum. Ber því samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum ber að fella úr gildi fjárnám það, er stefndi lét gera í húseign áfrýjanda, Hverahlíð 24 í Hveragerði, til tryggingar kröfu sinni samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámargerð er úr gildi felld.

Stefndi, Ögmundur Jónsson, greiði áfrýjanda, hreppsnefnd Hveragerðishrepps f. h. hreppsins, 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 30. desember 1974.

Mál þetta, sem þingfest var 21. júní 1974 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 6. desember 1974, er höfðað með stefnu, birtri 19. júní 1974, af Ögmundi Jónssyni, Vorsabæ, Hveragerðishreppi, gegn hreppsnefnd Hveragerðishrepps, Hveragerði, Árnassýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 864.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi setur kröfugerð sína upp með eftirfarandi hætti:

Niðurstaða yfirmatsmanna	kr. 760.000
Reikningur matsmanna	— 180.000
	<hr/>
	kr. 940.000
Innborgun hreppsnefndar	— 220.000
	<hr/>
	kr. 720.000
Meðalhækkun verðlags 1/3 '74 20%	— 144.000
	<hr/>

Samtals kr. 864.000

Stefndi krefst hins vegar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Málsatvik.

Stefnandi fékk með byggingarbréfi umbodsmanns ríkisjarða í Hveragerðishreppi, dagsettu 1. október 1963, æviábúðarrétt á jörðinni Vorsabæ í Hveragerðishreppi. Hinn 12. maí 1967 var Hveragerðishreppi afsöluð jörðin, þannig að þeir, sem áður höfðu fengið lóðir eða landspildur á leigu úr jörðinni, héldu rétti sínum.

Með bréfi, dagsettu 6. maí 1971, tilkynnti stefndi stefnanda samþykkt sína um að taka spildu úr landi jarðarinnar úr ábúð hans. Í tilefni þessa fór stefnandi í lögmannsmál 17. mars 1972. Lögmannið náði ekki fram að ganga. Milli málsaðilja varð hins vegar samkomulag um, að stefndi beiddist mats á tjóni stefnanda.

Áður en til þess kom, að stefnanda væri sagt upp ábúðarrétti á landspildu þessari, höfðu farið fram samningaumleitánir milli talsmanna stefnda, þeirra Ólafs Steinssonar, páverandi oddvita, og Sigurðar Pálssonar sveitarstjóra, annars vegar og stefnanda hins vegar. Ekki varð úr samningum. Talsmenn stefnda höfðu að eigin sögn boðið milli eitt og tvö hundruð þúsund krónur í bætur auk þess sem til tals hefði komið, að stefnandi fengi heitt vatn frá hreppnum án endurgjalds.

Til að framkvæma áðurgreint mat voru dómkvaddir Sigurður Ármannsson endurskoðandi og Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður. Matsgerð þeirra er dagsett 19. mars 1973 og er á þessa leið:

„Með dómkvaðningu sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 10. ágúst 1972, vorum við undirritaðir kvaddir til að meta til peningaverðs fjártjón Ögmundar Jónssonar, bónda, Vorsabæ í Ölfusi, vegna uppsagnar Hveragerðishrepps á ábúðarrétti Ögmundar, að því er varðar 27 ha lands úr landi jarðarinnar Vorsabæjar.

Matsmenn gengu á vettvang 12. ágúst 1972. Af hálfu matsbeiðanda var viðstaddur Sigurður Pálsson, sveitarstjóri Hveragerðishrepps, og með honum Allan Magnússon, cand. jur., vegna Benedikts Sveinssonar hrl.

Matsþoli Ögmundur Jónsson var sjálfur viðstaddur.

Með tryggingarbréfi, dags. 24. september 1963, hafa matsþoli og kona hans lífstíðarábúð á jörðinni með þeim takmörkunum, er í bréfinu greinir. Matsþoli var 65 ára að aldri og kona hans 50 ára, er dómkvaðning fór fram.

Land það, sem beiðst er mats á, er spilda að stærð 27 ha og liggur öll norðan hins nýja Suðurlandsvegar, en sunnan gamla vegarins. Spildan skerst í sundur af tengivegi Hveragerðis við

Suðurlandsveg. Spildan er afmörkuð á fram lögðum uppdrætti.

Samkvæmt bréfi Vals Þorvaldssonar, trúnaðarmanns Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 25. janúar 1971, er jörðin Vorsabær 120 ha að stærð, þar af eru 68 ha eða 57% þurrlendi, en 52 ha eða 43% mýri. Spilda sú, sem taka á, er hluti af þurrlendi jarðarinnar, þ. e. um 40% þurrlendis, en 22.5% af landi allrar jarðarinnar.

Matsþoli kveðst eingöngu nota hið umdeilda land til beitar.

Matsþoli kveðst ekki eiga mannvirki þau, sem á landinu eru.

Matsmenn eru sammála um, að eigi verði hjá því komist að meta matsþola bætur vegna landtöku og skertrar aðstöðu til búrekstrar, og er þá m. a. litið á fasteignamat jarðarinnar og mannvirkja, sem tengd eru búrekstri.

Við rekstur málsins hefur Gústaf Tryggvason, cand. jur., v. Ragnars Jónssonar hrl. gætt réttar matsþola.

Matsorð:

Hæfilegar bætur fyrir landtöku og skerta aðstöðu til búrekstrar teljist hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Telja verður, að matsþoli hafi haft nokkurn kostnað vegna réttargæzlu í máli þessu, og telst hann hæfilega metinn kr. 20.000.00.

Samtals teljum við hæfilegar bætur til matsþola því vera samtals kr. 220.000.00, sem matsbeiðanda ber að greiða innan 4 vikna frá dagsetningu þessarar matsgerðar. Vextir reiknast 8% á ári frá sama tíma til greiðsludags.

Þóknun til matsmanna greiðist samkvæmt reikningi.

Framan ritaða matsgerð erum við reiðubúnir að staðfesta fyrir dómi, ef krafist verður.“

Stefndi greiddi fjárhæð matsins til stefnanda.

Stefnandi vildi aftur á móti ekki una matinu og bað um yfirmat. Til að framkvæma það voru dómkvaddir Árni Jónsson landnámsstjóri, sem útnefndur var formaður yfirmatsnefndarinnar, Halldór Þorbjörnsson sakadómari og Haukur Hafstað framkvæmdastjóri. Yfirmatsgerðin er dagsett 1. febrúar 1974, og er hún á þessa leið að loknum upphafsorðum.

„Jörðin Vorsabær var eign ríkissjóðs. Samkvæmt byggingarbréfi, dags. 24. september 1963, er Ögmundi Jónssyni heimil ábúð á jörðinni ævilangt. Falli Ögmundur frá á undan konu sinni, nýtur hún einnig ábúðarréttar, þar til hún giftist að nýju, sbr. 10. lið byggingarskilmálanna.

Hinn 12. maí 1967 afsalaði ríkissjóður jörðinni til Hveragerðis-

hrepps með þeim fyrirvara, að „þeir, sem fengið hafa lóðir eða landspildur á leigu úr hinu selda landi, halda rétti sínum“, þ. e. ábúðarréttur Ögmundar og konu hans hélzt óbreyttur.

Samkvæmt þjóðskrá er Ögmundur Jónsson fæddur 1. ágúst 1907, en kona hans, Júdith Jónsson, 28. nóv. 1922.

Hinn 27. apríl 1971 ákvað hreppsnefnd Hveragerðishrepps að taka hluta af Vorsabæjarlandi úr leiguábúð. Tilkynnti hreppsnefndin Ögmundi ákvörðun þessa með bréfi 6. maí 1971.

Svo sem lýst er í undirmatsgerð, er landspilda sú, sem um er að ræða, um 27 ha að stærð og liggur milli gamla og nýja Suðurlandsvegarins. Landið er ekki ræktað og hefur verið nýtt til beitar.

Leitt hefur verið í ljós, að Ögmundur hefur úr umræddri spildu leigt lóð undir benzinstöð og verzlun, og hefur hann árlega fengið í þóknun fyrir leiguafnot þessi 200 l af benzíni. Enn fremur hefur hann um langt skeið haft nokkrar leigutekjur fyrir fjárrétt og fjárhólf, sem eru á landinu. Leiga þessi hefur farið hækkandi með hliðsjón af þróun verðlags, án þess um hana hafi verið gerðir fastir eða formlegir samningar. Leigan nam 1972 samtals kr. 8.500.00. Í undirmatsgerð sést ekki, að litið hafi verið til þessara tekna Ögmundar af landspildu þeirri, sem hann missir nú ábúðarrétt á.

Svo sem áður greinir, hafa umboðsmenn beggja aðila lagt fram greinargerðir, bæði fyrir þessa matsnefnd og áður fyrir undirmatsmenn, og einnig hafa þeir lagt fram ýmis gögn og túlkad sjónarmið sín munnlega fyrir matsmönnum, síðast á fundi með þeim 29. f. m.

Umboðsmaður Ögmundar Jónssonar hefur greint frá því, að umrætt land hafi ávallt verið nýtt til beitar, og sé það hægt enn þrátt fyrir nýja Suðurlandsveginn. Enn fremur hefur verið bent á skerta aðstöðu til búrekstrar. Þá hefur af hálfu Ögmundar verið vakin athygli á, að þegar gerðardómur mat bætur fyrir land það, er fór undir Suðurlandsveginn, hafi bótafjárhæð numið 10 kr. pr. m². Enn er bent á, að Hveragerðishreppur hafi hinn 1. júlí 1970 leigt Sameinuðu efnasmíðjunni s.f. hluta af umræddu landi án vitundar Ögmundar og án þess að samið væri um bætur til hans, og segir í því sambandi í greinargerð lögmannsins: „Ég álít, að hreppurinn hafi þarna verið að svipta ábúanda Vorsabæjar miklum tekjumöguleikum, þar sem hreppurinn nýtur ekki þeirra tekna, sem hugsanlega fást út úr framleigu, hefði verið eins rétt að ábúandi nyti þeirra eins og þriðji aðili.“

Þá hefur umboðsmaður Ögmundar lagt fram vottorð um, að leigusamningur um 1000 fermetra lóð í Hveragerði hafi á sl. ári verið seldur fyrir kr. 400.000.00.

Af hálfu Hveragerðishrepps hefur því verið haldið fram, að landið sé óræktað og með öllu verðlaust til búskapar með tilliti til þess, hvernig Suðurlandsvegurinn liggur nú. Bent er á, að ábúanda sé óheimilt skv. byggingarbréfi að leigja lóðir eða jarðarparta úr landi jarðarinnar nema með samþykki landeiganda og verðlag á eignarlandi sé ekki viðmiðunarhæft í þessu sambandi.

Ákvörðun hreppsnefndar Hveragerðishrepps um að taka spilduna undan ábúð hefur stoð í 2. gr. l. 23/1966 og 27. gr. skipulagslaga 19/1964. Hér er um að ræða eignarnám á óbeinum eignarréttindum, þ. e. lífstíðarábúðarrétti Ögmundar og konu hans á landinu. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir l. 61/1917, þar sem dómkvaðning matsmanna fór fram fyrir gildistöku l. 11/1973, sjá 19. gr. þeirra laga.

Matsmenn eru sammála um, að eftirtalin sjónarmið komi til álita við ákvörðun bóta:

a) Missir afnota á um 27 ha landspildu til landbúnaðar, og verður þá miðað við beitarafnot. Landið er þurr, undirstaða hraun og yfirborð þess að mestu fyllt með jarðvegi. Það er mikið til vaxið samfelldum heilgrasagróðri og verður að teljast gott beitiland. Lega landsins er hentug. Auðvelt er að auka afrakstur þess með áburði. Spildan er að mestu leyti ræktanleg.

b) Röskun á búskaparaðstöðu, en matsbeiðandi missir afnot af verulegum hluta jarðarinnar. Samkvæmt skýrslu Vals Þorvaldssonar, trúnaðarmanns Búnaðarsambands Suðurlands, sem fram hefur verið lögð og eigi gerð athugasemd við, er landspilda sú, sem tekin er úr ábúð, 22.5% af öllu landi jarðarinnar, en um 40% af þurrlendi hennar. Land Vorsabæjar eftir þessa skerðingu er þá alls 93 ha og þar af þurrlendi 41 ha.

c) Missir leigutekna af fjárrétt og fjárhólfi svo og tekna af lóð undir benzínstöð, en þessar tekjur hlýtur hann að missa, þegar hann hefur ekki lengur ábúðarrétt á landinu. Miðað við verðlag í janúar 1974 nema þessar aukatekjur nú á ársgrundvelli kr. 16.250.00.

Við ákvörðun eignarnámsbóta er höfð hliðsjón af því, að matsbeiðandi hafi þurft að greiða opinber gjöld af tekjum þeim, er hann hefur haft af landinu. Hins vegar er gert ráð fyrir, að af bótafjárhæð þurfi hann eigi að greiða tekjuskatt né útsvar.

Þegar metin hafa verið þau atriði, sem nú hafa verið rakin, telja matsmenn hæfilegar bætur til matsbeiðanda nema kr. 700.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags.

Þá ber Hveragerðishreppi að greiða allan kostnað af matinu, þar á meðal matskostnað til Judith og Ögmundar Jónssonar, samtals kr. 60.000.00 vegna beggja matsmálanna.

Matsorð:

Hveragerðishreppur greiði Ögmundi Jónssyni og Judith Jónsson kr. 700.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 og samtals kr. 60.000.00 í málskostnað og enn fremur þóknun til matsmanna skv. reikningi.“

Stefndi vill eigi fallast á að greiða stefnanda matsfjárhæð þessa. Hann telur sig þegar hafa bætt stefnanda allt tjón hans vegna uppsagnar á umræddri landspildu. Ber hann það fyrir sig, að yfirmat þetta sé að engu hafandi. Engin sundurliðun sé í yfirmatinu á einstökum reikningsliðum og enginn rökstuðningur fyrir niðurstöðunni. Þá telur stefndi, að yfirmatsnefndin hafi farið langt út fyrir verkefni sitt, sem hafi verið að meta fjártjón stefnanda. Þá hefur stefndi vikið að því, að stefnandi hafi eigi átt rétt til leigutekna af bensinstöð og beri því eigi bætur fyrir þann missi. Byggir stefndi það álit á byggingarbréfi, sbr. 26. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951, og leigusamningi um lóð undir bensinstöðina.

Formaður yfirmatsnefndarinnar, Árni Jónsson landnámsstjóri, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu um störf nefndarinnar. Hann kvaðst sjálfur vera kunnugur í Ölfusinu. Hann hafi m. a. um árabíl verið oddviti Ölfushrepps og búíð á Reykjum. Hann sé því kunnugur staðháttum. Formaðurinn kvað höfuðgrundvöll útreiknings yfirmatsupphæðarinnar vera byggðan á fóður- og beitargildi á hvern hektara, þ. e. hversu mikil kjötframleiðsla gæti verið af hverjum hektara landsins. Því til viðbótar væru leigutekjur þær, sem getið er í matsgerðinni. Þá kvað hann yfirmatsnefndina hafa kynnt sér skattskýrslu stefnanda í því skyni að afla sér upplýsinga um, hvort hann greiddi einhver opinber gjöld af búrekstri sínum með tilliti til tekna af hinni umræddu spildu. Hafi komið fram, að svo var. Yfirmatsnefndin hafi lagt þessar upplýsingar því til grundvallar, að jörðin væri eðlilega nytjuð, þ. e. hvorki of- né vannytjuð. Formaðurinn lýsti því yfir, að matið sé miðað við landbúnaðarlegt gildi spildunnar, en ekki beinlínis við tekjur stefnanda né bústofn hans, að öðru leyti en

því, að slíkar upplýsingar hafi legið fyrir til hliðsjónar, eins og áður segir.

Varðandi ummæli í yfirmatsgerðinni, „lega landsins er hentug“, sagði formaður yfirmatsnefndarinnar, að landið væri nálægt bænum að Vorsabæ og sé vel girðanlegt og að ekki hafi verið neitt vandamál að nýta það þrátt fyrir umferðina. Þá upplýsti hann, að yfirmatsnefndinni hafi ekki þótt ástæða til að sundurliða tölulegan útreikning yfirmatsfjárhæðarinnar frekar en gert var. Höfuðuppistaðan sé í a lið. A og B liðir séu reiknaðir hvor fyrir sig.

Einnig hafa komið fyrir dóminn stefnandi, Ólafur Steinsson, fyrrverandi oddviti, og Sigurður Pálsson sveitarstjóri. Ekki þykir ástæða til að rekja framburði þeirra frekar en fram kemur að framan.

Niðurstaða.

a) Um niðurstöðu yfirmatsins, kr. 760.000.

Matsgerðir þær, sem hér eru til grundvallar, eru framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 61/1917, sbr. 2. gr. laga nr. 23/1966. Samkvæmt ákvæðum laganna yrði endurgjald fyrir eignarnám-ið ákveðið eftir niðurstöðu yfirmatsnefndar, ef verk hennar reyndust fullnægjandi. Stefndi heldur því fram, að yfirmatsgerðin sé svo gölluð, að hún sé að engu hafandi. Telja verður, að eigi hafi verið sýnt fram á neina þá annmarka á yfirmatinu, að á því verði ekki byggt. Eigi verður annað séð en yfirmatsnefndin hafi haldið sig að öllu leyti við þær lagareglur, er henni bar, og að hún hafi reist mat sitt á réttum forsendum. Þessi liður í kröfugerð stefnanda verður því tekinn til greina. Frá fjárhæðinni dregst innborgun stefnda, kr. 220.000, þannig að eftir eru kr. 540.000.

b) Um reikning yfirmatsmanna, kr. 180.000.

Stefnandi hefur greitt þessa upphæð fyrir stefnda til yfirmatsmanna, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917. Þessi liður verður og tekinn til greina, þar eð það verður eigi talið til verka dómsins að breyta fjárhæðinni, sbr. 9. gr. laga nr. 61/1917.

c) Um 20% meðalhækkun verðlags 1. mars 1974, kr. 144.000.

Þessi kröfuliður er með öllu órökstuddur og á sér eigi laga-stöð. Verður hann því eigi tekinn til greina.

d) Um vaxtakröfu.

Í yfirmatsgerðinni eru vextir ákveðnir 9%. Eigi þykja efni til

að breyta þeirri ákvörðun. Hins vegar þykir rétt að dæma vexti af þóknun matsmanna með þeim hætti er stefnandi krefst.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda kostnað hans af málinu, sem ákveðst kr. 170.000.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hveragerðishrepps, greiði stefnanda, Ögmundi Jónssyni, kr. 720.000 með 9% ársvöxtum af kr. 540.000 frá 1. mars 1974 til greiðsludags og 9% ársvöxtum af kr. 180.000 frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Árnassýslu 24. júní 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 24. júní, kl. 1730, var fógetaréttur Árnassýslu háður í skrifstofu Hveragerðishrepps, Hveragerði, með undirrituðum vottum, af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen.

Fyrir tekið: Málið nr. F. 86/1975: Ögmundur Jónsson gegn Hveragerðishreppi.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 2 gerðarbeiðni og dómsendurrit, svohljóðandi (fylgir í ljósriti).

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Gústaf Þór Tryggvason héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir skuld skv. dómi, að fjárhæð kr. 720.000 með 9% ársvöxtum af kr. 540.000 frá 1. mars 1974 til greiðsludags og 9% ársvöxtum af kr. 180.000 frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 180.000 frá 21. júní 1974 til greiðsludags ásamt birtingarkostnaði, kr. 715, og málskostnaði, kr. 170.000, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarbóla mætir Hafsteinn Kristinsson, oddviti Hveragerðishrepps, og er málið tekið fyrir hér á þessum stað og tíma með samþykki mætta, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst talsmaður gerðarbóla ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu talsmanns gerðarbóla lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarbóla:

Húseign Hveragerðishrepps að Hverahlíð 24, Hveragerði. Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarpóla og ábyrgð hans í því sambandi.

Mánudaginn 2. maí 1977.

Nr. 56/1977. Gróa M. Sigvaldadóttir
Ólöf Sigvaldadóttir
Þorbjörg Sigvaldadóttir og
Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar
gegn
Ástu Þorbjarnardóttur
Sigurði O. K. Þorbjarnarsyni
Sigurjóni Þorbjarnarsyni
KFUM í Reykjavík og
Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjendur, Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir, Þorbjörg Sigvaldadóttir og Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til rikissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
